

Haldið er dómþing úrskurðar- og aganefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) fimmtudaginn 6. október 2016.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2016-2017

Körfuknattleiksdeild ÍR &

Kristinn Marinósson

gegn

Körfuknattleiksdeild Hauka.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR

### I.

Mál þetta var upphaflega mótttekið af skrifstofu KKÍ 14. september 2016, en var vísað frá af aga- og úrskurðarnefnd þann 15. september með vísan til 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, sbr. ákvæði 8. gr. reglugerðar um félagaskipti. Ný kæra lögð fram af hálfu ÍR þann 19. september s.l. og af hálfu Kristins Marinóssonar 20. september 2016. Með úrskurði aga- og úrskurðarnefnd 3. október 2016 var málinu vísað frá með vísan til þess að kærurnar höfðu ekki verið lagðar fram innan kærufrests samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd. Nýjar kærur voru lagðar fram 4. október 2106.

Kærendur eru körfuknattleiksdeild ÍR, kt. 510788-2069, Skógarseli 12, Reykjavík og Kristinn Marionósson, kt. 300181-0519, Hverfisgötu 52, Hafnarfirði.

Kærði er körfuknattleiksdeild Hauka, kt. 670281-0519, Ásvöllum 1, Hafnarfirði.

Líkt og í máli 1/2016-2017 þykir rétt að sameina málin undir einu málsnúmeri og kveða upp einn úrskurð þar sem um er að ræða samhljóða kröfugerð og málsástæður beggja kæranda og ljóst er að þeir hafa sameiginlega hagsmuni af niðurstöðu í málinu.

### **Dómkröfur :**

Kærandur krefjast þess að aga- og úrskurðarnefnd heimili félagaskipti Kristins Marinóssonar úr Haukum yfir í ÍR þrátt fyrir höfnun kærða um að undirrita félagaskiptatilkynningu til KKÍ. Byggir krafan á 4. gr. sbr. 8. gr. reglugerðar KKÍ um félagaskipti.

Þau gögn sem fylgja kærunum eru samningur á milli Kristins Marionóssonar og Hauka, dags. 1. maí 2015, áskoranir Kristins til kærða um vangoldnar greiðslu, dags. 7. janúar, 27. janúar og 19. maí 2016, riftun samnings dags. 14. júní 2016 og bréf Hauka til Kristins dags. 20. júní 2016.

Kærða var veittur þriggja sólarhringa frestur til að skila greinargerðum í málinu og bárust þær aga- og úrskurðarnefndinni 4. október 2016. Krefst kærði þess að körfuknattleiksdeild ÍR verði gert að greiða körfuknattleiksdeild Hauka kr. 300.000 í félagaskiptagjald vegna félagsskipta Kristins Marinóssonar úr Haukum til ÍR.

## **II.**

### **Atvik máls**

Helstu málavextir eru í stuttu máli þeir að þann 1. maí 2015 gerðu körfuknattleiksdeild Hauka (kærði) og Kristinn Marinósson með sér samning um að Kristinn æfði og léki körfuknattleik með liði kærða næstu tvö leiktímabil eða til 31. maí 2017. Með bréfi Kristins til kærða, dags. 14. júní 2016, sem sent var Kjartani Frey Ásmundssyni formanni kærða, tilkynni Kristinn um riftun á fyrrgreindum leikmannasamningi vegna vangoldinna greiðslna rekstrarfélags kærða til hans í tengslum við verkefni fyrir félagið. Áður hafði Kristinn sent kærða þrjár áskoranir um greiðslu vangoldinna þóknana. Forsvarsmenn kærða féllust ekki á riftun samningsins og tilkynnti félagið Kristni þá niðurstöðu með bréfi dags. 20. júní 2016. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum upplýsti Kristinn með bréfi til kærða dags. 4. júlí að hann teldi leikmannasamning sinn við kærða ekki bindandi þar sem samningurinn hafi ekki verið skráður hjá KKÍ svo sem áskilið væri samkvæmt reglum KKÍ. Jafnframt tilkynnti Kristinn um fyrirhuguð félagaskipti sín yfir til ÍR og

Í framhaldi af því var farið fram á það við fyrirsvarsmann kærða að hann undirritaði tilkynningu um félagaskipti kæranda yfir í ÍR. Þeirri beiðni var hafnað af hálfu kærða nema gegn greiðslu kæranda á félagaskiptagjaldi. Þeirri kröfu var hafnað af hálfu ÍR og skutu kærendur málinu í framhaldi af því til aga- og úrskurðarnefndar, sem eins og fyrr greinr vísaði málinu frá þar sem kærufrestur var liðinn. Í framhaldi af úrskurði aga- og úrskurðarnefndar fór Kristinn Marinósson, annar kæranda, fram á það við kærða að hann undirritaði félagaskipti hans yfir til ÍR. Var þetta gert með tölvupósti 3. október 2016. Svarpóstur kærða dags. sama dag verður ekki skilinn á annan veg en að ekki verði orðið við þeirri beiðni nema gegn greiðslu kr. 300.000.

### **Málsástæður og lagarök.**

#### **A.**

Helstu röksemdir kæranda fyrir kröfum sínum eru þær að leikmannasamningur Kristins Marinóssonar við kærða hafi ekki verið skráður hjá KKÍ innan mánaðar eins og áskilið er í 3. gr. reglugerðar KKÍ um leikmannasamninga. Skýrt komi fram í ákvæðinu að líta skuli framhjá óskráðum samningum við ákvörðun af hálfu aga- og úrskurðarnefndar KKÍ. Hafi óskráðir samningar því enga þýðingu við úrlausn álitaefna sem heyra undir valdsvið aga- og úrskurðarnefndar. Félagaskipti séu sérstaklega sett undir valdsvið nefndarinnar samkvæmt 8. gr. reglugerðar um félagaskipti. Þar sem líta beri framhjá samningnum við úrlausn málsins beri að leyfa félagaskiptin án þess að undirritun kærða liggja fyrir. Þá byggir kæran á því að samningur Kristins Marinóssonar við kærða sé óskuldbindandi þar sem Kristinn hafi rift samningnum vegna verulegra og ítrekaðra vanefnda kærða á efni hans. Loks liggja fyrir að nýr kærufrestur hafi stofnast með neitun kærða að staðfesta félagaskiptin nema gegn greiðslu.

Í greinargerð kæranda er vísað til þess að reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd takmarki á engan hátt valdsvið nefndarinnar hvað varðar þau sjónarmið sem nefndin leggur til grundvallar í úrskurðum sínum. Valdsvið nefndarinnar sé eingögnu afmarkað af þeim ágreiningi sem nefndin hefur úrskurðarvald yfir og þeim viðurlögum sem nefndin getur beitt. Því sé ljóst að nefndin geti metið hvort samningar séu gildir, hvort brotið hafi verið gegn þeim og hvort riftun annars samningsaðila leiði til þess að ekki beri að líta til hans þegar úrskurða á um ágreining um félagaskipti.

#### **B.**

Kærði byggir kröfu sína á því að samningur hans og Kristins Marinóssonar sé í fullu gildi. Verði að líta til þess að með því að Kristinn hafi lýst yfir riftun hafi hann í raun staðfest að hann liti svo

á að í gildi væri samningur milli hans og kærða hvað sem liði skráningu samningsins hjá skrifstofu KKÍ. Þá hefur Kristinn ekki gert neinn reka að því að fá riftunina staðfesta með dómi og hann hafi haldið afnotum af bifreið samkvæmt samningnum í nærri þrjá mánuði eftir að hann lýsti yfir riftun.

Kærði byggir einnig á því að það sé ekki á valdsviði aga- og úrskurðarnefndar að leggja mat á það hvort skilyrði riftunar hafi verið fyrir hendi varðandi samning Kristins við kærða. Þannig komi fram í 19. laga KKÍ um hlutverk aga- og úrskurðarnefndar að nefndin og áfrýjunardómstóll KKÍ hafi fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Körfuknattleiks-sambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KKÍ eftir því sem við á. Mat á því hvort vanefnd á samningi sé slík að hann sé riftanlegur af hálfu annars hvors aðila hefi ekkert með lög og reglugerðir KKÍ að gera heldur ráðist af reglum samninga- og kröfuréttar og heyri því undir almenna dómstóla. Líti aga- og úrskurðarnefnd hins vegar svo á matið heyri undir valdsvið hennar sé vísað til þeirra sjónarmiða sem fram koma í bréfi kærða til Kristins dags. 20. júní 2016.

Þá mótmælir kærði túlkun kæranda á ákvæði 3. gr. reglugerðar um leikmannasamninga og telur hana ekki geta staðist. Umrætt ákvæði, sem telja verði all sérstætt, verði að mati kærða ekki túlkað með þeim hætti að samningur verði í raun óskuldbindandi milli aðila hans farist fyrir að skrá hann hjá KKÍ. Samningafrelsi standi einfaldlega traustari fótum í íslenskri réttarskipan en svo að unnt sé að setja slíkt ákvæði í reglugerð. Að mati kærða verði að túlka umrætt ákvæði þannig að það vísi einungis til 1. málslíðar 1. gr. reglugerðarinnar þar sem fram komi að leikmaður, sem sé samningsbundinn félagi, geti ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Þetta ákvæði feli í sér þá meginreglu að til þess að félagaskipti samningsbundins leikmanns geti farið fram þurfi samþykki beggja samningsaðila, þ.e. félagsins og leikmannsins. Að mati kærða feli 3. gr. reglugerðarinnar hins vegar í sér að heimild sé til að víkja frá þessari meginreglu þegar um óskráða samninga sé að ræða og að KKÍ eða nefndinni sé í slíkum tilvikum óheimilt að hafna félagaskiptum sem slíkum. Hins vegar verði KKÍ eða aga- og úrskurðarnefnd í slíkum tilvikum að kveða á um nánari útfærslu fél-agaskipta, m.a. að ákveða upphæð félagaskiptagreiðslu í samræmi við meginreglu 1. gr. reglugerðar um leikmannasamninga. Með hliðsjón af því telji kærði að félagaskiptin eigi að fara fram í samræmi við meginreglu a-liðar 1. gr. reglugerðar um leikmannasamninga að félagaskiptum leikmanna sem eru á samningi og skuli fylgja greiðslur milli félaga. Séu í b-d. liðum 1. gr.

reglugerðarinnar settar fram reglur um það hvernig greiðslur skuli ákvarðast í slíkum tilvikum og samkvæmt þeim sé ljóst að kærandi hafi afreksstuðullinn 3 og því ætti félagskiptagreiðslan að nema kr. 300.000.

### **III.**

#### **Niðurstaða.**

##### **A.**

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga KKÍ hafa aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Körfuknattleikssambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KKÍ eftir því sem við á. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar laganna skulu aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ lúta lögum og reglugerðum sambandsins og samkvæmt ákvæðinu skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KKÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KKÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstól KKÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KKÍ að reka málið fyrir nefndum innan KKÍ en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum.

Í 8. gr. reglugerðar KKÍ um félagaskipti, þar sem fjallað er um úrlausn ágreinings, kemur fram að öllum ágreiningi um félagaskipti samkvæmt reglugerðinni megi skjóta til aga- og úrskurðarnefndar, að uppfylltum kæruskilyrðum. Samkvæmt ákvæðinu skal tilkynna aðilum um slíkt og metur aga- og úrskurðarnefnd hvort nauðsynlegt er að fá sjónarmið þeirra. Þá segir í niðurlagi ákvæðisins að ekki sé nauðsynlegt að rökstyðja úrlausn nema aðilar óski sérstaklega eftir því eða nefndin telji slíkt æskilegt. Loks segir í niðurlagi ákvæðisins að ekki sé heimilt að áfrýja niðurstöðu nefndarinnar til áfrýjunardómstóls.

##### **B.**

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar KKÍ um leikmannasamninga skal skrifstofa KKÍ annast skráningu leikmannasamninga hjá félögum. Skal félag, eigi síðar en 1 mánuði eftir stofnun samnings, senda skrifstofu KKÍ yfirlýsingu um slíka samninga með upplýsingum um það hversu lengi viðkomandi leikmaður er bundinn félaginu. Tilkynningin skal vera undirrituð af viðkomandi félagi og leikmanni, eða forsvarsmanni hans ef leikmaður er yngri en fullra 18 ára.

Þá segir í tilgreindu ákvæði að óskráðir leikmannasamningar eða samningar sem skráðir eru síðar en 1 mánuði eftir undirskrift, hafi ekki þýðingu við ákvörðun KKÍ eða aga og úrskurðarnefndar um félagaskipti.

Aga- og úrskurðarnefnd leitaði eftir upplýsingum um það á skrifstofu KKÍ hvort fyrir lægi leikmannasamningur milli kærða og Kristins Marinóssonar. Bárust nefndinni þau svör að slíkur samningur hafi ekki borist frá kærða.

Þar sem kærði ber hallann af því að skilyrði ákvæðis 3. gr. reglugerðar KKÍ um leikmannasamninga voru ekki uppfyllt er ljóst að leikmannasamningur kærða og Kristins Marinóssonar, m.a. hvað varðar lengd þess tíma sem leikmaður er bundinn félaginu, hefur ekki þýðingu við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar um félagaskipti. Í ljósi þessa lítur aga- og úrskurðarnefnd svo á að samningur kærða og Kristins Marinóssonar sé ekki bindandi í skilningi reglugerða KKÍ og fellst því á kröfu kæranda í málinu.

### **ÚRSKURÐARORÐ.**

Fallist er á kröfu kæranda um að aga- og úrskurðarnefnd heimili félagaskipti Kristins Marinóssonar úr Haukum yfir í ÍR þrátt fyrir höfnun kærða um að undirrita félagaskiptatilkynningu til KKÍ. Kröfu kærða um kr. 300.000 félagaskiptagreiðslu úr hendi kæranda er hafnað.

Ingimar Ingason, formaður.

Björgvin H. Björnsson, varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir

Sigríður Inga Viggósdóttir

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson vék sæti í málinu vegna vanhæfis.

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum.